



## Ekki rigningardropi á Flúðum um versló

Þúsundir flyktust á Flúðir um verslunarmannahelgina þar sem árlega hátíðin Flúðir um versló fór fram. Að vanda var þar Traktorarfæran sívinsæla,

auk margs annars á borð við furðubátakeppni, tónleika, dansleiki, slátturtraktorally og brekkusöng.

Bessi Theodórsson hátíðarstjóri segir

í samtali við Dagskrána að hátíðin hafi heppnast einstaklega vel og veðrið hafi leikið við viðstadda, ekki hafi rigningardropi fallið á neinum viðburðum utan-

dyra. Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps tekur í sama streng en minnst þó á að lognið hafi farið heldur hratt yfir.



2



6

### Fáðu fagmann í verkið



**PÍPULAGNIR SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

### Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirinn.is



# Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðlaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

## Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar af bæjarráði Ölfuss þann 1. ágúst sl. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

### Gerðarkot og Þorgrímsstaðir nýtt deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir spildurnar Gerðarkot lóð (L218545), Þorgrímsstaðir spilda 6 (L211746) og Þorgrímsstaðir spilda 5 (L211745). Gert er ráð fyrir samtals 8 íbúðarlóðum sem deilt er á tvö svæði þar sem 4 íbúðarlóðir eru á hvoru svæði fyrir sig. Svæðin eru aðskilin með óbyggðu svæði þannig að ekki eru fleiri en 5 samliggjandi íbúðarlóðir.

### Grásteinn breyting á deiliskipulagi

Lögd er fram breyting á deiliskipulagi Grásteins. Breytingin felur í sér sameiningar og lagfæringar á lóðum undir vegsvæði. Þá er stofnuð ný íbúðarlóð fyrir parhús og fyrir hitaveituskúr. Afmarkanir lóða breytast í samræmi við nýjar lóðir.

### Þóróddsstaðir 4 deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag fyrir lóðina Þóróddsstaði 4 sem er 21.000 m<sup>2</sup> að stærð. Á skipulaginu er teiknaður inn byggingarreitur D-1 fyrir íbúðarhús ásamt bílgeymslu og gestahúsi sbr. ákvæði aðalskipulags. Þá er einnig teiknaður byggingarreitur D-2 um frístundahús sem þegar er á lóðinni en ekki eru hugaðar frekari byggingaframkvæmdir á þeim reit.

### Grímslækjarheiði ÍB17 ASK

Lögd er fram aðalskipulagsbreyting vegna íbúðabyggðar Ytri-Grímslækjar ÍB17 þar sem fyrirhugað er að fjölga íbúðum úr 19 í 25 að ósk landeigenda. Innan skipulagssvæðisins eru lóðir á svonefndri Grímslækjarheiði; Sögusteinn 1 (L231059), Sögusteinn (L172269), Ytri-Grímslækur lóð (L195678) og Hraunkvíar (L172270), Ytri-Grímslækur lóð (L175678) og Efri-Grímslækur land (L203017).

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 18. september 2024. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 19. september 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson  
Skrifstofu- og verkefnastjóri  
Umhverfis- og framkvæmdasvið

# Barnabókahetjur heimsins

Takmarkinu náð á rúmu ári og nú má finna barnabækur á 42 tungumálum á bókasafninu á Selfossi.

Sumardaginn fyrsta kynnti Bókasafn Árborgar á Selfossi verkefni sem kallast Barnabókahetjur heimsins. Verkefnið fór af stað í upphafi árs 2023 og kveikjan að því

var sú staðreynd að þá voru tölur yfir 30 tungumál í grunn-

og leikskólum Árborgar. Takmarkið var að eignast barnabækur á öllum þessum tungumálum og leita uppi helstu hetjur barnabókmennta heimsins. Starfsfólk safnsins, vinir og vandamenn hófust þegar handa við að safna bókum og nú rúmu ári síðar hefur því takmarki verið náð og gott betur því í dag eiga 42 tungumál sína fulltrúa í barnabókadeildinni.

Verkefnið var styrkt af Bókasafnsjóði og markmiðið með því er að varpa ljósi á þá jákvæðu staðreynd að Árborg er sannarlega fjölmennarleg samfélag. Þrátt fyrir að verkefninu sé formlega lokið verður haldið áfram að safna barnabókum á öllum þeim tungumálum sem tölur eru í sveitarfélaginu.



## Ölfusingar bjóða gesti velkomna á Hamingjuna við hafið

Hamingjan við hafið, bæjarhátíð í Ölfusi, er haldin í Þorlákshöfn dagana 6. – 11. ágúst. Hátíðin er fjölskyldu- og menningarhátíð og eru gestir boðnir velkomnir í Hamingjuna til að taka þátt í gleðinni. Íbúar og fyrirtæki taka virkan þátt í hátíðinni og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Íbúar skreyta hús sín og garða í hverfislitum og er gaman að skoða fallega skreytt hús.

Dagskráin hófst á þriðjudag, er leikhópurinn Lotta kom í heimsókn í Skrúðgarðinn. Miðvikudaginn 7. ágúst var svo sundlaugarpartý þar sem Diskótekið Dísá sá um stuðið. Í dag, fimmtudaginn 8. ágúst, er m.a. ganga á vegum Ferðamálafélags Ölfuss, harmonikkuball á Níunni og opin hljómsveitaræfing á pallinum hjá Robba Dan og Guðlaugu.

Á morgun, föstudag, er hin árlega litaskrúðganga hverfanna en Lúðrasveit Þorlákshafnar smalar saman bæjarbúum og gestum hamingjunnar.

Um kvöldið verður kvöldvaka í Skrúðgarðinum þar sem m.a. Lay Low, Júlí Heiðar, Hr. Eydís, Moskvít og VÆB koma fram. Síðar um kvöldið verður ball þar sem Sunnan 6 sjá um fjörið.

Á laugardag verður sannkölluð menningarveisla. Allan daginn verður markaðsstemming í tjaldiru og fjölbreytt dagskrá fyrir krakkana þar sem verður m.a. boðið upp á BMX bros, krakkadískó, söngkeppni,

hoppukastala, sjóstökk á bryggjuni, veltibílinn o.fl.

Um kvöldið verða Hamingjutónleikar þar sem landsfrægir tónlistarmenn stíga á stökk en þar má nefna Elísabetu Ormslev, Daníel E. Arnars, Herra Hnetusmjör, Ívar Daníels, Jónas Sig og Stefaníu Svavars o.fl. Hamingjuhljómsveitin sér um ballið og munu stórsöngvararnir Matti Matt, Stefán Hilmarsson og Unnur Birna þenja raddböndin.





### Þriðjudagur 6. ágúst

- 16:00 Leikhópurinn Lotta í samstarfi við Kvenfélag Þorlákshafnar  
20:00 Hverfáfótbolti

### Miðvikudagur 7. ágúst

- 16:00-18:00 Sundlaugapartí fyrir 10 ára og eldri í samstarfi við Bláhnúk – Diskótekið Dísu heldur uppi stuðinu  
20:00 Leikir í Skrúðgarðinum – öll fjölskyldan leikur sér í gömlu góðu leikjunum

### Fimmtudagur 8. ágúst

- 15:00 Lautarferð í Skrúðgarðinum – komið með teppi, nesti og góða skapið  
18:00-22:00 Grill og harmónikkuball á Niunni í samstarfi við Krösus og Þorlák Helga.  
Úlfar Sigmarsson og Hildur Petra á harmónikku  
Stefán P. Þorbergsson á gítar  
Sigurgeir Skafti á bassa  
Gunnar Jónsson á trommur  
19:00 Ganga á vegum Ferðamálafélags Ölfuss – gengið um hverfisverndarsvæðið og út að vita. Lagt af stað frá Selvogsbraut 41  
21:00-23:00 **Opin hljómsveitaræfing á pallinum**  
Skálholtsbraut 11 í samstarfi við Hraundranga, First Water, Tindhag, Ölfusborg, Einar Á og Sonik

### Föstudagur 9. ágúst

- 17:00 Brimbrettafélag Íslands sýnir myndina *Aldan okkar allra* á Heima Bistró. Plötusnúður á staðnum og kynning á brimbrettaíþróttinni  
18:30 Litaskrúðganga hverfanna – Lúðrasveit Þorlákshafnar smalar saman bæjarbúum og gestum hamingjunnar í öllum regnbogans litum og endar í Skrúðgarðinum  
19:30 Kvöldvaka í tjaldinu í Skrúðgarðinum í samstarfi við Malbiksstöðina og Skinney Þinganes  
VÆB  
Lay Low  
Moskvít  
Júlí Heiðar  
Hr. Eyðis  
23:00-02:00 Tónleikar með hljómsveitinni Sunnan 6 í boði Arnarlax

### Laugardagur 10. ágúst

Barna og fjölskyldudagskrá í Skrúðgarðinum í samstarfi við Ölfusborg og Fiskmarkað Íslands

- 10:00-17:00 Markaðsstemning í tjaldinu  
12:00 Hoppland – sjóstökk á Herjólfsbryggju  
12:30-13:00 Bestu lög barnanna  
13:00-14:00 BMX bros  
13:00-16:00 Hoppukastalar og loftbolti  
13:00-16:00 Fornbílar á Heilsugæsluplaninu  
14:00-15:00 Krakkadiskó  
14:00-16:00 Blaðrarinn  
15:00-16:00 Söngvakeppni barnanna  
20:00-23:00 Hamingjutónleikar í tjaldinu í samstarfi við GeoSalmo og Smyril Line  
Ívar Daníels  
Stefanía Svavars  
Daníel E Arnars  
Elísabet Ormslev  
Jónas Sig  
Herra Hnetusmjör  
ásamt hljómsveit  
23:00 Flugeldasýning í umsjón Kiwanismanna í samstarfi við Fasteignasölu Suðurlands, Trésmiðju Heimis og Landsbankann  
23:00-02:00 Hamingjuballið í tjaldinu í samstarfi við FirstWater og Suðurverk  
Stefán Hilmars  
Sverrir Bergmann  
Unnur Birna  
ásamt hljómsveit  
Veltibill og matarvagnar verða á svæðinu



#### Alla dagana í Hamingjunni við hafið

- Sögusýning í römmunum við Selvogsbraut  
Frísbíggj – fáid frísbíggja í afgreiðslunni í íþróttahúsinu  
Sundlaugin opin  
Gryfjan fjallahjólagerður opin  
Hverfaskraut til sölu hjá VISS milli 9:00-13:00 virka daga
- Veitingastaðir opinir:  
Skálinn  
Thai Sakhon  
Heima Bistró  
Gisting í Þorlákshöfn  
Black Beach guest house  
Tjaldsvæði Þorlákshafnar

# Besti árangur Íslendinga í skotfimi á Ólympíuleikum

Hákon Þór Svavarsson hefur lokið keppni í leirdufuskotfimi með haglabyssu á sínum fyrstu Ólympíuleikum, en seinni dagur undanrásanna fór fram í Châteauroux á laugardag.

Hákon endaði í 23. sæti af 30 keppendum með 116 stig. Aðeins sex efstu komust í úrslit.

Fyrstu þrjár umferðir undanrásanna fóru fram síðasta föstudag, þegar Hákon skaut 75 skotum og hitti 69 þeirra. Á laugardag skaut hann 50 skotum

til viðbótar í tveimur umferðum.

Í fyrri umferðinni á laugardag hitti Hákon 22 skot af 25 og var því með 91 stig fyrir síðustu umferðina, sem setti hann í 26. sæti. Hann náði svo fullu húsi, 25 stigum, í lokaumferðinni og lauk keppni með 116 stig. Þetta er besti árangur Íslendinga í þessari grein á Ólympíuleikum.

Áður hafði Alfreð Karl Alfreðsson fengið 111 stig og lent í 47. sæti á Ólympíuleikunum í Sydney.



## Glæný sunnlensk hljómsveit með glænýtt lag!

Nýja sunnlenska hljómsveitin HAGL gaf út sitt fyrsta lag á dögunum, en lagið Veðja kom út þann 1. ágúst síðastliðinn.

Meðlimir hljómsveitarinnar eru Sunnlendingar í meirihluta og eiga rætur sínar að rekja til Selfoss, Hveragerðis, Stokks-eyrar og Dalvíkur. Hljómsveitina skipa Þórir Geir Guðmundsson, Matthías Hlífur Pálsson, Tómas Smári Guðmundsson og Dagur Atlason. Þeir hafa verið viðloðandi tónlist frá unga aldri en þetta er í fyrsta skipti sem

þeir leggja saman krafta sína og úr varð hljómsveitin HAGL.

„Við erum bara strákar að sunnan að skemmta okkur“ segir Þórir, „þetta er búið að vera í pípunum í smá tíma og bara virkilega gaman að við séum loksins búnir að gefa út okkar fyrsta lag, Veðja“.

Strákarnir segjast vera virkilega spenntir fyrir framtíðinni og að það sé margt á döfinni hjá þessari nýju sunnlensku hljómsveit, meðal annars útgáfa á nýju lagi 5. september.



Myndir: Hljómsveitin HAGL  
Skannaðu kóðann til að hlusta á Veðja.



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:  
Páll Jónsson

Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Ljosi hlífir lampa ...  
lyfin sett í pillu ...  
stundir mælir stunda ...  
Stína fær sér mjólk í ...

Svar við gátu í blaði 2763: MÁL  
4. lína: SumarMÁL, fjórir síðustu vetrardagar fyrir sumardaginn fyrsta



**Sunnlenski**  
matgæðingurinn



Ég vil byrja á að þakka ritstjóra Dagskrárinnar fyrir að bjóða mér að hlaupa í skarðið sem matgæðingur vikunnar. Ég elska góðan mat og finnst sérstaklega gaman að skoða uppskriftir á Internetinu og finna eitthvað gírnilegt til að prófa mig áfram. Ég einhvern veginn enda oftast á uppskriftarsíðu Berglindar – Gotterí og gersemar og fæ því að henda einu „shout-out“ á hana hér og deila með ykkur ótrúlega fljótlegri og sumarlegri uppskrift.



Júlíana Kristbjörg Þórhallsdóttir er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

### Grillaðar kjúklingalundir með mexíkósósu

Fyrir um 4

Grillaðar kjúklingalundir  
1 pakki kjúklingalundir  
50 ml ólífuoía  
4 msk. Teryaki BBQ-sósa  
1 tsk. hvítlauksduft  
1 tsk. Kjúklingakrydd

Öllu nema lundum blandað saman í skál.

Kjúklingalundum velt upp úr marinerungunni, plastað og leyft að standa í kæli í að minnsta kosti klukkustund. Gott er að gera þetta áður en kartöflurnar fara í ofninn því þær taka hátt í 1 ½ klukkustund í eldun.

Grillið á heitu grilli í nokkrar mínútur á hvorri hlið og leyfið síðan að standa í um 10 mínútur.

### Mexíkósósa

1 mexíkóskur kryddostur frá Gott í matinn  
400 ml rjómi frá Gott í matinn  
1 tsk. sojasósa  
1 tsk. kjúklingakraftur

Setjið um 200 ml af rjómanum í pott.

Rífið ostinn út í og hrærið vel við meðalháan hita þar til osturinn er bráðnaður.

Bætið þá restinni af rjómanum saman við ásamt sojasósu og krafti.

Hitið að suðu og lækkið þá hitann vel niður og leyfið að malla, hrærið reglulega í á meðan.

### Bakaðar sætar kartöflur

2 ílangar sætar kartöflur  
Ólífuoía  
Agave-sýróp  
Pípar

Hitið ofninn í 200°C.

Berið ólífuoíu utan á kartöflurnar og bakið í um 1 ½ klukkustund eða þar til kartöflurnar verða vel mjúkar að innan.

Takið út og skerið hvora kartöflu niður í 2-3 bita (eftir lengd/stærð).

Gott er að setja vel af sýrópi og smá pipar yfir kartöfluna þegar hún er komin á diskinn.

### Salat

Blandað veislusalat  
½ mangó, skorið niður  
Um 20 vínber skorið niður  
Kóríander  
Um ½ krukka Dala-fetaostur  
Um 2 lúkur mulið blátt Doritos

Ég vil að lokum skora á vinkonu mína og nýbúa á Selfossi, Dagnýju Lóu, að sýna okkur eitthvað skemmtilegt úr sínum uppskriftarbókum!

Ég vil að lokum skora á vinkonu mína og nýbúa á Selfossi, Dagnýju Lóu, að sýna okkur eitthvað skemmtilegt úr sínum uppskriftarbókum!

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!





# EINFÖLD HEYRNARMÆLING

## þér að kostnaðarlausu í Lyfju Selfossi

Komdu í einfalda heyrnarmælingu þér að kostnaðarlausu 15. eða 16. ágúst kl. 10–16 í Lyfju. Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir, heyrnartæknir hjá Lyfju Heyrn, tekur vel á móti þér.

Vinsamlega pantaðu tíma í gegnum QR kóðann. Beindu myndavélinni í símanum að kóðanum og smelltu á linkinn sem birtist á skjánum. Þá lendir þú á Noona-bókunarkerfinu og getur pantað tíma sem hentar. Öll velkomin!



## KIRKJUR

## Selfoskirkja:

Gæludýrablessun í Selfoskirkju klukkan 14:00, sunnudaginn 11. ágúst.

Ef verður leyfir, verðum við úti, en annars inni í kirkjunni. Endilega komið með gæludýr til blessunar, eða jafnvel með mynd af dýrinu ykkar, því gaman verður að sjá sem flest trýni og snoppur! Séra Ása Björk Þjónar, en tónlistina leiða Ester Ólafsdóttir organisti og kirkjukórinn. Öll eru innilega velkomi, með dýr, mynd eða ekki

## FUNDIR



## Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15  
miðv. kl. 11 til 15  
föstud. kl. 11 til 14.  
sími 482 1022  
gsm 788 0300

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

## Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

## AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opin fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

## AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni  
Bókasafn Ólfuss, Hafnarbergi 1,  
Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efri  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## Anna Metta sexfaldur landsmótsmeistari á ULM

Glæsilegt Unglingalandsmót var haldið dagana 2.-4. ágúst í Borgarnesi Frjálsíþróttadeild Selfoss átti frábæra fultrúa í frjálsíþróttahluta mótsins sem sópuðu til sín verðlaunum. Anna Metta Óskarsdóttir (14 ára) vann það einstaka afrek að verða sexfaldur landsmótsmeistari og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson (16-17 ára) náði þeim glæsilega árangri að verða fjórfaldur landsmótsmeistari. Alls unnu keppendur frjálsíþróttadeildarinnar til 24 landsmótsítila. Eitt mótsmet var bætt en þar var að verki Magnús Tryggvi Birgisson sem stórbætti mótsmetið í kringlukasti 13 ára um tæpa 7m er hann kastaði kringlunni 36,43m.

11 ára flokkur: Andri Már Óskarsson varð landsmótsmeistari bæði í langstökki er hann stókk 4,16m og í 4x100m boðhlaupi á tímanum 1:05,82 m. Hann hljóp til silfurverðlauna í 600m hlaupi á tímanum 2:02,99 m og landaði bronsverðlaunum í 60m hlaupi á tímanum 10,16 s. Hilmir Dreki Guðmundsson varð tvöfaldur landsmótsmeistari, hann sigraði kúluvarpið er

hann varpaði kúlunni 8,37m og hann var í sigursveitinni í 4x100m boðhlaupi á tímanum 1:05,82 m.

13 ára flokkur: Magnús Tryggvi Birgisson varð landsmótsmeistari á nýju mótsmeti er hann þeytti kringlunni 36,43m og hann vann til silfurverðlauna í spjótkaсти með 30,05m löngu kasti. Ásta Kristín Ólafsdóttir varð landsmótsmeistari í spjótkaсти er hún kastaði spjótinu 34,93m. Hún hlaut einnig tvenn silfurverðlaun, í kringlukasti með 25,95m og í kúluvarpi með 10,81m.

14 ára flokkur: Anna Metta Óskarsdóttir náði þeim stórkostlega árangri að verða sexfaldur landsmótsmeistari. Hún sigraði 100m hlaup á tímanum 14,11s og 800m hlaup á tímanum 2:53,70m. Hún var í sigursveitinni í 4x100m boðhlaupi sem kom í mark á tímanum 55,07s og kringlunni þeytti hún lengst allra er hún sveif 28,38m. Hún sigraði síðan að lokum bæði í hástökki og langstökki er hún

vippaði sér yfir 1,57m í hástökki og sveif 5,09m í langstökkinnu. Adda Sóley Sæland varð tvöfaldur landsmótsmeistari, bæði í spjótkaсти með 31,59m og í 4x100m boðhlaupi á tímanum 55,07s. Hún vann til silfurverðlauna í kringlukasti með 28,36m langt kast og í kúluvarpi hlaut hún bronsverðlaun er hún varpaði kúlunni 8,77m.

15 ára flokkur: Arndís Eva Vigfúsdóttir varð tvöfaldur landsmótsmeistari. Hún sigraði í kúluvarpi er hún varpaði kúlunni 11,05 og í 4x100m boðhlaupi á tímanum 54,07s. Hún kastaði síðan kringlunni til bronsverðlauna er hún þeytti henni 36,22m. Bryndís Embla Einarsdóttir varð landsmótsmeistari í spjótkaсти með 41,57m. Hún vann einnig til tvennra silfurverðlauna, í kringlukasti með 36,30m löngu kasti og í kúluvarpi er hún varpaði henni 10,69m.

16-17 ára flokkur: Hjálmar Vilhelm Rúnarsson varð fjórfaldur Landsmótsmeistari. Hann

sigraði allar kastgreinarnar. Spjótinu kastaði hann 55,15m, kringlunni kastaði hann 42,70m og kúlunni varpaði hann 14,08m. Hann var einnig í sigursveitinni í 4x100m boðhlaupi sem hljóp á tímanum 47,69s og að lokum hljóp hann til silfurverðlauna í 100m hlaupi er hann kom í mark á tímanum 12,20s. Vésteinn Loftsson varð landsmótsmeistari í 4x100m boðhlaupi á tímanum 47,69s og hann vann til bronsverðlauna í spjótkaсти er hann kastaði því 33,54m. Kristján Kári Ólafsson vann til silfurverðlauna í kringlukasti er hann kastaði henni 29,52m. Húgrún Birna Hjaltadóttir varð landsmótsmeistari í 4x100m boðhlaupi á tímanum 54,07s. Hún vann til silfurverðlauna í langstökki er hún stókk 4,80m og í 800m hlaupi kom hún þriðja í mark á tímanum 2:41,31 mín. Arna Hrönn Grétarsdóttir varð landsmótsmeistari í hástökki er hún vippaði sér yfir 1.52m.

UMFS

## KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja  
Messa kl. 11. Prestþjónusta sr. Axel Á Njarðvík, organisti Jón Bjarnason. Verið velkomin.

## ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR  
S. 662 1122

Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

## Hjá Maddy ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Magnús Tryggvi efstur á palli í kringlukasti með glæsilegt nýtt mótsmet og landsmótsmeistarartitil. Ljósmynd: UMFS.



Anna Metta Óskarsdóttir varð sexfaldur meistari. Ljósmynd: UMFS.



Hjálmar Vilhelm sem hér er á efsta þrepi varð fjórfaldur Landsmótsmeistari. Ljósmynd: UMFS.

## Viltu vinna 400 milljarða!

Í ágættri grein sem rituð var fyrir nokkru af Antoni Biedvelt færir hann sönnur á að með upptöku evru á Íslandi myndi þjóðin hagnast um 400 milljarða á ári. Vextir á evrunni eru um 2% en á íslensku krónunni þeir hæstu í Evrópu eða rúmlega 10%. Það má gera ýmislegt fyrir þessa peninga sem eru um 70 þúsund kr. á mánuði á hvert meðalheimili á Íslandi. Ef þetta þýðir að við verðum að ganga í Evrópusambandið er það hið besta mál. Evrópusambandið, sem er félagsskapur mestu lýðræðisríkja heims, hefur svo lýðræðisleg lög að ef eitt af ríkjunum segir nei í atkvæðagreiðslu er málið fallið. Það þríhöfða afturhald sem nú ræður Íslandi, Sjálfstæðisflokkur, Framsókn og Vinstri græn, sem nú mælast með afar lélegt fylgi, voru nýlega spurðir í sjónvarpsviðtali hvort þeir myndu styðja þá þingsályktunartillögu Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata að teknar yrðu upp þær inn-gönguviðræður sem V.G. tókst að stöðva á sínum tíma, á langt

komnar. Yrði þjóðaratkvæðagreiða um hvort svo yrði gert.

Nú finnst mér að þjóðaratkvæðagreiðsla sé mesta lýðræðið. Aðspurðir í sjónvarpsviðtali sögðu bæði Sjálfstæðisflokkur og Framsókn nei, en Vg var aðeins skárrí, sögðust samþykka en væru alfarið á móti aðild. Yrði þessi tillaga samþykkt, sem ekki verður, yrðu viðræður klárðar og þjóðaratkvæðagreiðsla

um niðurstöðuna. Flokkar sem neita þjóðaratkvæðagreiðslu en eru einfaldlega ekki lýðræðisflokkar.

Hvernig getum við losnað úr þessari afturhaldsúlfakreppu? Það er ekki sýnilegt á þessari stundu, það verður aðeins gert með vilja þjóðarinnar. Ætlar hún að búa endalast við þetta þríhöfða afturhald?

Skrifað í júlí 2024



## Ævikvöldið gleðiganga á Sólvöllum

Hvert viltu fara þegar árunum fjölga og úthaldið er farið að dvína? Þá er gott að vita af stöðum sem taka vel á þörfum þínum. Einn staður af mörgum er dvalarheimilið Sólvöllir á Eyrarbakka, þar ríkir mannúðin, þjónusta og kærleikur, sem er öllu æðri í lífinu.

Mín gæfa var að fá dvöl á Sólvöllum þegar ég sótti um dvöl á dvalarheimili, orðin 92 ára og löt að taka þátt í amstri dagsins, það var mér um megn með úthaldið en ekki vantaði löngunina til að vera í góðum félagskap, hann er að finna á svona heimilum, þar sem mannúð og kærleikur ríkir.

Hér á Sólvöllum getur maður verið maður sjálfur, ekkert ráðríki eftir bókinni, þitt er valið, engin skipun frá yfirvaldinu. Hér er ég sjálfstæð en í öruggum höndum, hér er dekrað við vistmenn og þarfir manns eins og

best verður á kosið að gera til hæfis. Matur og drykkur góður, hver og einn fær allt við sitt hæfi og löngun. Líkamsþjálfun og tómstundir við hæfi hvers og eins eftir óskum, við fáum að fara í bað eins oft og óskað er, hvenær sem er og allur þrifnaður er til fyrirmyndar.

Það sem vekur athygli mína er aðstaða starfsfólks sem vinnur með bros á vör þó að ekki sé mikið rými til athafna að sinna vistmönnum, ekki öll þau þægindi sem eru krafa í nútímanum, aldrei heyrst væl né víl yfir þrengslunum. Starfsfólkið á

svo sannarlega skilið að tekið sé eftir því og sagt frá svona stöðum sem varla sé nokkuð hægt að finna að vegna framgöngu starfsfólksins. Það gerir gott úr öllu ef eitthvað er að, án þess að nota leiðindaorð eða afsökun, hér er talað um hlutina eins og þeir eru og allir að gera sitt besta sem gerir dvöl okkar vistmanna sem reyndin er.

Sólvelli má taka til fyrirmyndar til að ævikvöldið þeirra sem þiggja þessa þjónustu verði gleðiganga.

*Didda á Sólvöllum*



## Gulli Ara kominn í Gallery Listasel

Ólöf Sæmundsdóttir rekur Gallery Listasel í hinum fagra miðbæ Selfoss. Reglulega kemur til hennar myndlistarfólk og setur upp sýningar sem þess vegna standa í einn mánuð í senn. Nú er á ferðinni allan ágúst mánuð góður gestur Gulli Arason GARASON sem býr í Danmörku en er okkur Íslendingum betur þekktur sem Guðlaugur Arason rithöfundur og myndlistamaður. Sem rithöfundur skrifaði hann kunnar bækur svo sem Pelastikk og Eldhúsmellur ásamt fleiri bókum og

var oft leiðsögumaður um frægar slóðir Íslendinga í Kaupmannahöfn og skildi eftir sig bókina Gamla góða Kaupmannahöfn um söguslóðirnar sem margir styðjast við enn í dag.

Síðustu árin hefur Guðlaugur helgað sig myndlist og gerir svokallaðar Álfabækur. Í Gallery Listasel eru margar Álfabækur eða myndir með örmáum eftirgerðum af íslenskum sem erlendum bókum. Hver bókaskápur er heimur út af fyrir sig og þar búa bæði skáld og kynjaverur. Í hverju myndverki

leynist lítil verndarálfr, ártal og nafn höfundar. Áhorfandinn þarf að staldra við og gefa sér góðan tíma meðan ímyndunarflið fer á flug. Gulli rifjaði upp fræga vísu Hjálmars Jónssonar þegar Eldhúsmellubókin var sem frægust:

Hefur brellið hugarþel haus af delli bólginn Annars fellur okkur vel við eldhúsmelludólginn

Ólöf og Gulli bjóða ykkur velkomin á sýninguna

*Guðni Ágústsson*



*Björn Thoroddsen, Guðlaugur, Karen, Margrét Hauks, Ólöf Sæmundsdóttir og Jón Rafnsson*



*Guðlaugur Aronsson og Karen margrét*

## Kaldur og hrakinn á bökkum Hólmsár

Á sunnudag voru björgunarsveitirnar Lífgjöf í Álftaveri og Stjarnan í Skaftártungum kallaðar út vegna neyðarkalls frá ferðalangri á Fjallabaksleið syðri. Tilkynningin kom frá ferðalangri við Hólmsá, sem sá ferðamann í Jimny-bíl lenda í vandræðum við hinn bakkann. Vegna mikils vatnselgs treysti tilkynnandinn sér ekki yfir ána. Ökumaður Jimny-bílsins komst þó út úr bílnum og upp á bakka.

Björgunarsveitirnar Lífgjöf og Stjarnan fóru báðar á vettvang, hvor frá sínum bakkannum, til að tryggja aðstoð beggja vegna árinna ef ekki væri fært að vaða hana. Pálmar Atli Jóhannesson, formaður Stjörnunnar, sagði að

hann hefði sjaldan séð jafn mikið vatn í Hólmsá og þennan dag.

Ökumaðurinn var fluttur í hlýjan björgunarsveitabíl en hann var kaldur og hrakinn þegar aðstoðin barst. Bíllinn var hins vegar skilinn eftir í ánni, þar sem hann virtist hafa strandað á grjóti eða einhverju og hreyfðist ekki. Björgunarsveitarmenn reyndu að

ná bílnum upp úr ánni en fundu ekki botn milli bílsins og bakkans.

Ferðalangurinn hafði náð einhverjum farangri sínum upp á bakka og þáði far með björgunarsveitabíl til byggða, þar sem hann átti bókaða gistingu í nágrenni Kirkjubæjarklausturs.



*Ljósmynd: Landsbjörg.*

Sláturhús Selfossi

### Störf í sláturtíð haustið 2024

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða slátrara sem og almenna starfsmenn til starfa í sláturtíð sem hefst í byrjun september og stendur í um tvo mánuði.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf á heimasíðu félagsins [www.ss.is](http://www.ss.is) undir „sækja um starf“.

Nánari upplýsingar hjá SS á Selfossi í síma 480-4100.

Upplýsingar um SS er hægt að nálgast á heimasíðu fyrirtækisins [www.ss.is](http://www.ss.is).



### „Einu sinni á ágústkvöldi“



20. ágúst 2024 boðar ferðanefnd FEBSEL til samveru í Árnesi í Skeiða og Gnúpverjahreppi sem hefst kl;19,00.

Framreiddur verður kvöldverður sem er lambalæri og meðlæti að hætti Brytans og kaffi á eftir auk þess sem barinn á staðnum verður opin. Við ætlum að eiga þarna notalegt síðsumarkvöld og skemmta hvert öðru.

Í Árnesi er gott tjaldstæði fyrir þá sem vilja nota tækifærið og koma með ferðavagna sína og dvelja lengur á staðnum.

Verð á gistinótt á tjaldstæðinu er **kr.1.500 á mann** (innifalið gistináttagjald) og rafmagn fyrir sólarhringinn er **kr. 1000 á hýsi**.

**Ath; ekki verður boðið upp á rútuferð í Árnes** en vonandi sjá margir sér fært að koma og minnum við á að hver og einn er á eigin ábyrgð.

Bóka verður í kvöldverðinn hjá nefndinni eða skrá sig á lista sem mun liggja frammi í Grænumörk 5. Einnig er hægt að skrá sig á Facebooksíðu Febsel. Þátttökulistinn mun svo liggja fyrir í Árnesi þar sem hver og einn greiðir fyrir sig.

**Ath.:** Þátttaka í kvöldverðinum þarf að liggja fyrir laugardaginn áður.

Verð á kvöldverði er **kr. 5.900 á mann** Hlökkum til ágústskvöldsins í Árnesi.

Helgi s. 860 7032  
Ingibjörg s. 864 2972  
Vigdís s. 893 6564



## Laufey opnaði um Versló

Laufey Welcome Center, ný þjónustumiðstöð, opnaði um Verslunarmannahelgina og tekur nú á móti gestum við Þjóðveg 1 á horni Landeyjarhafnarafleggjarans. Reiknað var með talsverðri umferð gesta til og frá Vestmannaeyjum um opunarhelgina og voru þeir sérstaklega velkomnir, sem og allir vegfarendur á Suðurlandi.

Laufey Bistró býður upp á úrvals matseðil fyrir svanga sækera. Í Laufey eru hreinustu sjálfhreinandi salerni í heimi frá Sanitronics í Hollandi, sjálfsafgreiðsluverslun með helstu drykkjum, snarli og vörum fyrir ferðalanga og einstök gagnvirk

upplýsingaborð um áhugaverða staði og þjónustu í nærumhverfi. Allar upplýsingar um ferðir Herjólfss eru áberandi. Kempower hraðhleðslustöðvar eru fyrir átta rafbíla, vöktuð bílastæði og ilmandi Costa kaffi. Laufey opnar snemma, lokar seint og stefnir að opnun allan sólarhringinn fyrir hluta þjónustunnar sem er bylting í kjarnþjónustu fyrir sveitarfélagið og vegfarendur á svæðinu.

### Ríflega 30 eigendur

Að baki Laufey stendur fjölbreyttur hópur ríflega 30 eigenda sem eru áhugafólk um bættu innviði, og þá sérstaklega

hraðhleðslu fyrir stækkandi rafbílaflota landsmanna og vönduð hrein salerni við Þjóðveginn. Framkvæmdir hófust í ágúst 2022 og lauk endanlegum frágangi nú í byrjun ágúst, tveimur árum seinna.

Laufey þakkar sýndan stuðning og áhuga Rangárþings Eystra, stofnanna á Suðurlandi, Arion Banka og þeim fjölmörgu samstarfsaðilum sem koma að þessu verkefni. Ekki síst þakkar Laufey íbúum nærsveita og í Vestmannaeyjum fyrir hvatningu og velvilja á þessari vegferð frá hugmynd að opnun, og segir Laufey því nú hátt og snjallt: Komdu fagnandi!



Ljósmynd: Lögreglan.

## 29 teknir fyrir of hraðan akstur

Nóg var um að vera hjá lögreglunni á Suðurlandi um verslunarmannahelgina, en í sumar hefur umferðareftirlit verið öflugt í umdæminu.

Um helgina voru alls 29 ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur, 16 fyrir ölvunarakstur og fjórir fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Þá voru þrjár stöðvaðir fyrir akstur án gilda

ökuréttinda.

Af þeim sem stöðvaðir voru fyrir of hraðan akstur var sá sem hraðast ók á 143 km. hraða. Einn þeirra sem ók undir áhrifum fíkniefna var sviptur ökuréttindum og var farþegi bifreiðarinnar með töluvert magn fíkniefna sem lögreglu grunar að hafi verið ætluð til sölu og/ eða dreifingar.



**PÚLSINN**  
Raf & kæliþjónusta

**Kæli & Frystikerfi**  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskípti

**Bilwerk BA**

Þar sem  
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
bilverkba.is

BRAGA AF  
VINATTU!

Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**800**  
LAGNIR

**ALHLIÐA  
PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**HP**

**HREINGERINGA-  
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar  
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,  
bón, gluggahreinsun o.fl.  
Sími 897 8444  
Hreint um allt Suðurland

**Lagnþjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
482 2311 ☎ 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**HEYRN**  
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600  
www.heyrn.is

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið  
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS

Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnafóðrun

**Sími 510 1180**  
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Sprettur**  
ÁBURÐUR

**Skeljungur**  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

**Ökukennsla**

Kristinn M. Bárðarson  
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /  
Sjálfskiptur bíll**

**VÉLSMÍÐJA  
SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Pípulagnir Júlla**

Persónuleg þjónusta  
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

**Bilwerk BA**

Þar sem  
fagmennirnir vinna

★★★★★  
Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
bilverkba.is